

Reykjavík, 12. febrúar 2021

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki

Hinn 18. janúar síðastliðinn lagði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki (þskj. nr. 757 í 444. máli).

Í 1. kafla frumvarpsins og 12. gr. er lagt upp með breytingu á ákvæðum laga um bókhald, nr. 145/1994, að því leyti sem þar er kveðið á um viðurkenningu bókara. Nánar tiltekið er kveðið á um brottfall 43. gr. laganna og lagaskil er varða í grundvallaratriðum niðurfellingu á skyldu ráðuneytisins til að hlutast til um próftöku og halda skrá yfir viðurkennda bókara. Samkvæmt umfjöllun í greinargerð frumvarpsins er tilgangur þeirra m.a. að einfalda starfsumhverfi atvinnulífsins. Í 2. kafla greinargerðar frumvarpsins er lögð áhersla á að þess sé gætt að regluverk þróist í samræmi við þarfir atvinnulífsins og samfélagsins í heild og sérstaklega tekið fram að það beri að forðast að leggja óþarfa reglubyrði á atvinnulífið. Í kafla 3.1 er vísað til upphaflegs markmiðs viðurkenningar bókara, þ.e. að auka gæði reikningsskila og skattframtala með aukinni þekkingu bókara á þeim sviðum. Verður ekki betur séð en að ráðuneytið telji núverandi stöðu náms bókara hafa fengið það mikið gildi að ekki sé lengur þörf á að hið opinbera standi að baki viðurkenningu og sérstökum prófum viðurkenndra bókara.

Frumvarpið hefur verið tekin til skoðunar á vettvangi hagsmunahóps bókhaldsstofa innan SVP – Samtaka verslunar og þjónustu. Ástæða þykir til að koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri.

Viðurkenndir bókarar njóta ekki einkaréttar í þeim skilningi að öðrum sé óheimilt að sinna slíkum störfum. Þannig er viðurkenningin t.d. ólík réttindum iðnaðarmanna skv. 3. mgr. 8. gr. laga um handiðnað, nr. 42/1978. Viðurkenningin leggur því ekki þær kvaðir á atvinnulífið að aðeins sé heimilt að ráða viðurkennda bókara til tiltekinna starfa. Þvert á móti felst gildi viðurkenningar bókara í því að hún gerir fyrirtækjum og öðrum rekstraraðilum færst ganga til samninga við bókhaldsstofur eða ráða starfsfólk í störf bókara með þá vissu í huga að viðsemjendurnir búi yfir tiltekinni lágmarksþekkingu. Viðurkenningin hefur því það samfélagslega hlutverk að stuðla að þekkingu og hæfni og á endanum góðum reiknings- og skattskilum. Er það hlutverk reyndar viðurkennt í greinargerð frumvarpsins. Af sömu sökum hefur viðurkenning bókara gagnast fyrirtækjum og bókhaldsstofum vel þegar kemur að ráðningu starfsfólks. Í eðli sínu felst viðurkenningin í samræmdu þekkingarmati og án þess er afar hætt er við að afturför verði. Fá SVP ekki betur séð en bókhaldsskyldir aðilar séu að tiltölu mun fleiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Óhætt er að halda því fram að viðurkenning bókara sé til einföldunar fyrir hið opinbera og atvinnulífið því hún stuðlar að góðum reikningsskilum, einfaldar ráðningarferli bókara og eflir traust í viðskiptum fyrirtækja við bókara.

Verði I. kafli frumvarpsins að veruleika mun þeim samfélagslegu hagsmunum sem viðurkenningin hefur skapað verða varpað fyrir róða.

Meiri hluti bókara eru konur og í starfi sínu ná þær jafnan góðum árangri. Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi hefur verið góð og sú staða hefur sýnilega verið samfélaginu til hagsbóta. Meðal samfélagslegra verkefna sem þjóðfélagið þarf að takast á við er að tryggja konum ásættanlega stöðu þegar kemur að stjórnun og ábyrgð. Að mati hagsmunahóps bókara er hætt við að afnám viðurkenningar bókara muni hafa neikvæð áhrif þegar að því verkefni kemur.

Þau áform sem kristallast I. kafla frumvarpsins hafa að nokkru leyti verið bókhaldsstofum ljós. Samkvæmt 12. gr. frumvarpsins er þeim ætlað að taka lagagildi við samþykki á Alþingi. Þar með virðist mega ætla að ekki sé langt í að ákvæði frumvarpsins verði að veruleika. Hagsmunahópur bókhaldsstofa hefur unnið að því í samvinnu við SVP að undirbúa og greina hvort efnahagslegar forsendur standi til þess að bókhaldsstofur komi á fót eigin viðurkenningu á hæfni og þekkingu á sviði bókhalds og tengdra þátta. Er þá ekki síst horft til þess hvernig megi leggja mat á þekkingu og reynslu innan bókhaldsstofanna sjálfra. Sambærilegt fyrirkomulag er við líði víða erlendis en það er þó ekki einsleitt. Í sumum tilvikum er slík viðurkenning nokkuð einföld en í öðrum flóknari í sniðum og jafnvel þrepaskipt. Í flestum tilvikum eiga slíkar viðurkenningar það sameiginlegt að þær byggja á menntun, starfsreynslu og þekkingarprófun, jafnvel á tilteknum sérsviðum. Þá gangast þeir sem slíka viðurkenningu sækja jafnan undir siðareglur og getur brot gegn þeim leitt til missis viðurkenningar. Þessi undirbúningur er hins vegar ekki komin svo langt á veg að efnahagslegar forsendur þess að halda einkaréttarlegri viðurkenningu úti, í okkar fámenna landi, liggi fyrir. Þá liggur ekki heldur fyrir hvernig slíkri viðurkenningu verði best fyrir komið. Að óbreyttu virðist ómögulegt að þessari vinnu hagsmunahóps bókhaldsstofa og SVP verði lokið þegar til lögfestingar I. kafla og 12. gr. frumvarpsins kemur.

Í ljósi framangreinds leggst hagsmunahópur bókhaldsstofa gegn lögfestingu ákvæða I. kafla og 12. gr. frumvarpsins.

Telji Alþingi algerlega ófært að bregðast við með framangreindum hætti er hið minnsta farið fram á að gildistöku ákvæða I. kafla og 12. gr. frumvarpsins verði frestað til 1. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

f.h. hagsmunahóps bókhaldsstofa innan SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur SVP